

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1176****2023/EES/62/37****frá 7. ágúst 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1387 að því er varðar frestun á framkvæmd
tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til, í því skyni að halda COVID-19-heimsfaraldurinum í skefjum draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að beita ýmsum nýlega samþykktum framkvæmdarreglugerðum á sviði flugöryggis.
- 2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samfara auknu vinnuálagi, sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19-heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hamlu undirbúningi að beitingu þeirra framkvæmdarreglugerða.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 ⁽²⁾ er mælt fyrir um nýjar kröfur fyrir útreikninga á afkastagetu loftfars við landingu sem koma til framkvæmdar frá og með 5. nóvember 2020. Til að forðast að beiting þessara krafna, vegna frekari krafna um starfrækslu, komi í veg fyrir að flugstarfsemi hefjist á ný á snurðulausan hátt að afstöðnum COVID-19-heimsfaraldurinum ætti að fresta beitingu þeirra til að gera lögbærum yfirvöldum og hagsmunaaðilum kleift að undirbúa sig fyrir framkvæmd þeirra.
- 4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á beitingu ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, í takmarkaðan tíma, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem þessar reglur innihaldi tæknilegar tilslakanir fyrir iðnaðinn sem best er að framkvæma í eðlilegu rekstrarumhverfi.
- 5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir frestun á beitingu viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þriðju málsgrein 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1387 kemur „12. ágúst 2021“ í stað „5. nóvember 2020“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um útreikninga á afkastagetu flugvélar við landingu og viðmiðin til að meta ástand yfirborðs flugbrautar, uppfærslu á tilteknum búnaði og kröfum sem varða öryggi loftfara sem og starfrækslu án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi (Stjtið. ESB L 229, 5.9.2019, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
